



Leiðarvísir fyrir MobileLink

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	- 1 -
FORMÁLI	- 2 -
APPIÐ SÓTT	- 2 -
Stillingar á appinu	- 2 -
VIRKNI MOBILELINK APPSINS	- 3 -
Hringt úr MobileLink.....	- 3 -
Símtalasaga	- 4 -
Símaskrá	- 5 -
Hringiflutningar	- 5 -
Leynínúmer.....	- 6 -
Dúett virkjaður og afvirkjaður.....	- 6 -
Auka númer sett í dúett.....	- 6 -
Símaversstjórnun.....	- 7 -
Talhólf og skilaboð	- 8 -


Formáli

Í þessum bæklingi er farið yfir uppsetningu og virkni MobileLink appsins frá BroadSoft. MobileLink er app sem tengist Sí mavistinni og hjálpar notanda við ýmsar aðgerðir. Full virkni næst með appinu ef farsímanúmerið er tengt sem dúett við borðsímanúmerið. Í þessum bæklingi er gert ráð fyrir því að dúett sé tengdur.

MobileLink appið er fyrir Android og iPhone síma.

Appið sótt

Appið er sótt á Play Store eða App Store. Best er að leita að appinu með því að skrifa „broadsoft“ í leitarstrenginn.



Stillingar á appinu

Þegar kveikt er á appinu í fyrsta sinn þarf að setja inn stillingar svo appið nái að tengjast sírstöðinni.

User name er borðsímanúmer notanda sem símanúmer@simavist.is eða símanúmer@fyrirtæki.toip.siminn.is. Notendanafn og lykilorð er hægt að nálgast hjá kerfisstjóra.

This mobile number er GSM símanúmer þessa GSM síma.

Server URL er <https://simavist.siminn.is>

MobileLink

User name:

Password:

Show password?

This mobile number:

Server URL:


Virki MobileLink appsins

Appið aðstoðar notanda við ýmsar aðgerðir. Hér verður farið yfir það sem MobileLink getur gert til að aðstoða notanda og hvernig það er gert.


Hringt úr MobileLink

Þegar **Call** flipinn er valinn er hægt að stjórna því hvernig appið hringir út.

Smellt er á **Call option**.



Þá birtist þessi mynd:



System Default Dialer. Appið notar sjálfgefið app til að hringja út. Oftast er það bara GSM síminn sjálfur. Símtalið fer þá út sem venjulegt GSM símtal.

Call Through Service. Símtalið fer í gegnum símstöðina og borðsímánúmer birtist. Til að þessi möguleiki virki þarf að setja upp sérstök port í símstöðinni sem leyfir þennan möguleika. Ef portin eru ekki sett upp, þá virkar þessi möguleiki ekki.

Call Back Service. Appið sendir upplýsingar í gegnum 3G/4G. Símsstöðin hringir í GSM símann. Þegar GSM símanum er svarað, hringir símsstöðin í númerið sem slegið var inn. Borðsímánúmer birtist. Þetta er algengasta aðferðin til að hringja úr appinu. Til að call back virki þarf einnig að fara í **Settings** flipann, svo í **Call control** og **Broadworks Anywhere** og haka í **Enable for call back**.

Þegar búið er að stilla hvernig appið hringir út þá verður það sjálfgefin stilling. Símanúmer sem hringja á í er slegið inn og ýtt á **Call** hnappinn.

Símtalasaga

Til að sjá símtalasöguna er smelt á **History** flipann. Þar sjást öll símtöl sem farið hafa í gegnum borðsímann



Símtal hringt úr símanum.



Símtal hringt í símann.









Ósvarað símtal.

Ef **Name unavailable** kemur við símtalasögu þá er tengiliður ekki til í farsímanum og appið getur ekki tengt númerið við nafn.

Við hverja færslu birtist líka tími, dagur eða dagsetning sem símtalið átti sér stað.

Ef smelt er að færslu þá birtist þessi skjár:

Contact details	
Call 800-4000	
Call Phone extension unavailable	
My Room unavailable	
Send text message	
Add contact	
Chat ID Unavailable	

Með því að smella á símtólið er hægt að hringja í númerið.

Send text message opnar SMS glugga og þú getur sent textaskilaboð.

Add contact opnar tengiliðaskrá í símanum og býður þér upp á að vista símanúmerið í tengiliðaskránni.

View contact opnar tengilið í tengiliðaskránni.

Símaskrá

Til að fletta upp í tengiliðaskrá og símaskrá fyrirtækis er smellt á **Directory** flippann.

Slegið er inn leitarorð og leitar þá appið í tengiliðaskrá farsímans og líka í fyrirtækjaskrá Símvistar.

Hringiflutningar

Í MobileLink appinu er hægt að stjórna hringiflutningum á borðsímanum. Smellt er á **Settings** flippann. Síðan er smellt á **Incoming calls**.

Call forward always. Hringifytur öll símtöl í annað númer.

Call forward no answer. Hringifytur símtöl, sem ekki er svarað, í annað númer. Einnig er hægt að stilla hversu margar hringingar borðsíminn hringir áður en símtalið er flutt.

Call forward busy. Hringifytur í annað númer þegar borðsími er á tali.

Call forward when unreachable. Þegar borðsíminn er tengdur við sírstöðina, þá „sér“ sírstöðin símann. Ef sírstöðin hættir að sjá símann, t.d vegna netleysis eða vegna þess að síminn missir rafmagn eða er hreinlega tekinn úr sambandi, þá virkjast þessi flutningur.

Simultaneous ring. Hringir samtímis með einum eða fleiri símum. Þetta er ekki það sama og dúett. Hópaþringingar koma t.d ekki í gegn.

Sequential ring. Með þessum hringiflutningi er hægt að búa til keðju hringinga. Sem dæmi, aðalsími hringir fyrst, síðan sími 2, síðan sími 3 og svo framvegis.

Simultaneous ring og Sequential ring þarf að forrita í sírstöðinni fyrst. Það er ekki hægt að setja þessa hringiflutninga upp í MobileLink, bara virkja og afvirkja.

Muna að setja svo hringiflutninga á **On** þegar búið er að setja upp.

Leyninúmer

Til að hringja út með leyninúmeri er farið í **Settings** flípa, svo **Outgoing call** og **Hide number** sett á **On**.


Dúett virkjaður og afvirkjaður

Smelltu á **Settings** flípann. Smelltu á **Call Control**. Smelltu á **Broadworks Anywhere**. Smelltu á **Off** hnappinn til að breyta honum í **On**. Nú er dúett virkur.

Auka númer sett í dúett

Hægt er að bæta fleiri númerum í dúett þannig að fleiri símar hringi með borðsímanum.

Smelltu á **Settings** flípann. Smelltu á **Call Control**. Smelltu á **Broadworks Anywhere**. Smelltu á **+** og sláðu svo inn símanúmerið og smellu á **OK** hnappinn. Settu lýsingu í **Description**. Smelltu á **Off** hnappinn til að breyta honum í **On** og hakaðu í **Call control**.




Diversion inhibitor kemur í veg fyrir að símtalsflutningar virki í farsímanum þegar dúett er notað. Þá fer símtalið t.d ekki í talhólf farsímans.

Answer Confirmation gefur þann möguleika að notandi getur valið hvort hann vilji svara símtalinu eða ekki. Þetta getur t.d verið þægilegt því þá veit notandi að símtalið er að koma í gegnum dúett.

Símaversstjórnun

Ef notandi er hluti af símaveri þá er hægt að stjórna því í gegnum MobileLink.

Smelltu á **Settings** flipann. Smelltu á **Call Center**. Núna sérðu hver staðan er í símaverinu. Til að breyta stöðu, smelltu á **Call Center Agent**.



Call Center Agent	
ACD State	
<input checked="" type="radio"/>	Available
<input type="radio"/>	Wrap-Up
<input type="radio"/>	Unavailable
<input type="radio"/>	Signed-Out
Queues	
5808541	<input checked="" type="checkbox"/>
580-8541	

ACD State er staða fulltrúa í símaverinu.

Available. Fulltrúi er skráður í símaverið og tilbúinn að svara símtölum.

Wrap-Up. Fulltrúi er í frágangi. Þetta er notað þegar símtali er lokið en bakvinnsla sem fylgdi símtalinu er enn í gangi. Í skýrslum er lengd símtals mæld sem tími í símtali plús frágangur (Wrap-Up).

Unavailable. Fulltrúi er búinn að taka sig tímabundið úr hóp. Þetta er notað þegar fulltrúi getur ekki svarað símtölum.


Signed-Out. Fulltrúi er ekki skráður í símaverið.

Queues. Símmavershópur eða hópar sem fulltrúi er hluti af. Ef stilling símmaversins er þannig að fulltrúi geti farið í og úr einstaka hópum, þá getur fulltrúi tekið hakið í burtu og sett það á.


Talhólf og skilaboð

Talhólfakerfi Símvistar geymir ekki skilaboð heldur sendir þau á netfang notanda. Þess vegna er ekki hægt að hringja inn í talhólfið til að hlusta á skilaboð. Hins vegar er hægt að hringja í talhólfið til að breyta kveðjum. Hægt er að stilla talhólfið þannig að það taki við skilaboðum eða að það sé eingöngu kveðja. Ekki er hægt að skipta um kveðjur í gegnum MobileLink appið.

Smelltu á **Settings** flipann. Smelltu á **Messaging**.



Til að stilla talhólfið er smellt á **Voice Management**.




On/Off Smellt er á hnappinn til að virkja eða afvirkja talhólfið.

Send All Calls to Voice Mail. Sendir öll símtöl í talhólfið.

Send Busy Calls to Voice Mail. Sendir símtöl í talhólfið þegar notandi er í símanum.

Send Unanswered Calls to Voice mail. Ef símtölum er ekki svarað innan x margra hringinga þá fara þau í talhólf.



Hérna er valið hvað á að gerast þegar skilaboð berast í talhólfið. Eingöngu er hægt að fá skilaboð send í tölvupósti. Netfangið er þá skráð hér inn.

Advanced Options

Notify me by e-mail of the new message at this address

E-mail a carbon copy of the message to

Transfer on 0 to Phone Number

Notify me by e-mail of the new message at this address. Sendir tölvupóst til að láta vita að skilaboð hafi komið í talhólfíð. Skilaboðin sjálf fylgja ekki með.

E-mail a carbon copy of the message to. Sendir eintak af skilaboðunum á annað netfang.

Transfer on 0 to Phone Number. Hér er hægt að bjóða þeim sem lendir í talhólfi að hoppa út úr því án þess að skilja eftir skilaboð. Númerið sem símtalið á að sendast á er þá sett hér inn.

Messaging

Voice Management
Off

Greetings
Number of rings before greeting: 2

Til að stilla hegðun skilaboða þá er smelt á **Greetings**.

Greetings

Disable Message Deposit

Disconnect call after greeting

Forward call after greeting to

800-4000

Number of rings before greeting

2

Disable Message Deposit. Ef hakað er í þetta, þá er ekki hægt að skilja eftir skilaboð. Þá er talhólfíð eingöngu með skilaboð. Svo er hægt að velja hvort skellt sé á eftir að skilaboð hafa verið lesin inn eða að símtalið flytjist á annað númer.

Number of rings before greeting. Hér er stillt hversu oft síminn á að hringja áður en símtalið fer í talhólfíð.